

## Ó, leið mig þá leið

Ó leið mig þá leið, svo legg ég af stað,  
svo legg ég af stað með Guði.

Leið trúar, leið trausts, leið tryggðar hvern dag,  
sem treyst get ég einum Guði.

Ó, birt mér þá bæn sem að beðið ég get,  
svo berist mitt lof að Guði.

Og kenn mér þá ósk, sem æskja ég skal,  
svo verði' allt mitt líf í Guði.

Haukur Ágústsson

### \* Saga dagsins

\* **Föroyar Landsorkestrur - bláasaraveit unglunga leikur einn sálm.**

### \* Hugleiðing

## Fræ í frosti sefur

Fræ í frosti sefur, fönnin ei grandar því.

Drottins vald á vori vekur það upp á ný.

Elska hans gefur öllu líf og skjól.

Guðs míns kærleiks kraftur

kom þú og ver mín sól.

Drottinn dó á krossi, dæmdur og grafinn var.

Sonur Guðs, er saklaus syndir heimsins bar.

Móti hans elsku magnlaus dauðinn er.

Kristur, með þinn kærleik kom þú og hjá oss ver

Hann var hveitikornið, heilagt lífsins sáð.

Sent til vor að veita vöxt í ást og náð.

Himnanna ljómi lýsir gröf hans frá.

Kristur, lát þinn kærleik, kveikja þitt líf oss hjá.

Stundum verður vetur veröld hjartans í.

Láttu fræ þín lifa, ljóssins Guð í því.

Gef oss þitt sumar sólu þinni frá.

Kristur kom og sigra, kom þú og ver oss hjá.

Frostensen - Sigurbjörn Einarsson

## Bæn, Faðir vor, Blessun

### Megi gæfan þig geyma

Megi gæfan þig geyma,

megi Guð þér færa sigurlag.

Megi sól lýsa þína leið,

megi ljós þitt skína sérhvern dag.

Og bænar bið ég þér,

að ávallt geymi þig Guð í hendi sér.

Bjarni Stefán Konráðsson

**Föroyar Landsorkestrur - bláasaraveit unglunga leikur einn sálm.**

Takk fyrir samveruna. Minnum á fund með foreldrum fermingarbarna strax að guðspjónustu lokinni hér í kirkjunni! (Vinsamlegast bíðið augnablik)

# Fjölskyldugudspjónusta

10:45 Föroyar Landsorkestrur - bláasaraveit unglunga leikur.

## 11:00 Klukknahting

### Signing:

Í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. Amen.

### Bæn:

Vertu Guð faðir, faðir minn,  
í frelsarans Jesú nafni,  
hönd þín leiði mig út og inn  
svo allri synd ég hafni. Amen

Hallgrímur Pétursson

### Þú ert Guð sem gefur lífið

Þú ert Guð sem gefur lífið,  
góða jörð og nótt og dag.

Þér til dýrðar syngjum saman  
sólarljóð og þakkarbrag..

Undir blessun þinni búa  
blóm og dýr og allt sem er.  
Lífsins undur okkur gleðja,  
yndisleg úr hendi þér.

Guð, sem færir fólki jarðar  
frelsi, gleði, brauð og hlíf,  
þakklát börn þín syngja saman  
sólarljóð um eilíft líf.

Jón Ragnarsson /Claire Schmid

## Víxllestur

Öll: Vísa mér veg þinn Drottinn

lát mig ganga í sannleika þínum

I: Drottinn er minn hirðir,

mig mun ekkert breyta.

II: Á grænum grundum lætur hann  
mig hvílast, leiðir mig að vötnum,  
þar sem ég má næðis njóta.

I: Hann hressir sál mína, leiðir  
mig um rétta vega fyrir sakir nafns  
síns.

II: Jafnvel þótt ég fari um dimman  
dal, óttast ég ekkert illt, því að  
þú ert hjá mér, sproti þinn og  
stafur hugga mig.

í Gleráarkirkju 3. apríl 2011

## Víxllestur frh.

I: Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum, þú smyr höfuð mitt með olíu, bikar minn er barmafullur.

II: Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævi-daga mína, og í húsi Drottins bý ég langa ævi.

**Öll:** Vísa mér veg þinn Drottinn lát mig ganga í sannleika þínum

I: Dýrð sé Guði, föður og syni og heilögum anda.

II: Svo sem var í upphafi, er og verður um aldir alda. Amen.

**Öll:** Vísa mér veg þinn Drottinn lát mig ganga í sannleika þínum

## Miskunnarbæn

I: Drottinn, miskunna þú oss.

II: Drottinn, miskunna þú oss.

I: Kristur, miskunna þú oss.

II: Kristur, miskunna þú oss.

I: Drottinn, miskunna þú oss.

II: Drottinn, miskunna þú oss.

## Stjörnur og sól

Stjörnur og sól, blómstur og börn, já, vindinn og vötn, allt gerði Guð.

Himinn og jörð, hans eru verk.

Drottinn, við þér viljum þakka.

Drottinn, við þökkum þér.

Þig einan tignum við.

Herra, við lofum þitt heilaga nafn.

Jesús, Guðs son, lífði og lét

sitt líf fyrir menn, alla sem einn.

Lifandi í dag, dvelur hann hér.

Drottinn, við þér viljum þakka.

Drottinn við þökkum þér ...

Andi Guðs einn, helgur og hlýr

nú huggar sem fyrr, vegsamar Guð,

uppræðir enn, dag eftir dag.

Drottinn, við þér viljum þakka.

Drottinn við þökkum þér ...

Hallquist - Lilja S. Kristjánsdóttir

## Kollekta - Bæn

Prestur flytur bæn sem endar á: "einn sannur Guð um aldir alda."

**Öll:** Amen.

## Fyrri ritningarlestur

Djákni: Fyrri ritningarlestur þessa

Drottins dags sem er fjórði sunnudagur í föstu er annarri bók Móse, 16. kafla.

Lestur endar á: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Öll: Guði sé þakkargjörð

## Lofgjörðarvers



## Síðari ritningarlestur

Djákni: Síðari ritningarlesturinn er úr bréfi Páls postula til Fillippímanna.

Lestur endar á: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Öll: Dýrð sé þér Drottinn

## Föroyar Landsorkestrur - blásarasveit unglunga leikur einn sálm.

## Guðspjall (allir standa)

Prestur les guðspjallið. Lestur endar á: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Öll: Lof sé þér Kristur.

## Trúarjátning (allir standa)

**Öll:** Ég trúi á Guð, Föður almáttugan, skapara himins og jarðar. Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottin vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, píndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða. Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisu mannsins og eilíft líf.

Amen.